

# Kennsluáætlun í FÉL 403 - aðferðafræði

## KENNSLUGÖGN:

1. Björn Bergsson. 2002. *Hvernig veit ég að ég veit? Félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir.*
2. Ljósrit, glósur og verkefni frá kennara.

## MARKMIÐ ÁFANGA:

1. Að nemendur geti greint skriflega frá helstu hugtökum og aðferðum sem notast er við í rannsóknum félagsvísinda.
2. Að nemandi geti beitt helstu aðferðum og rannsóknum sem notaðar eru í félagsvísindum og geti valið þá aðferð sem best hentar hverju sinni.
3. Að nemandi geti lesið fræðilegan texta um rannsóknir og geti lagt mat á gæði rannsóknarinnar.
4. Að nemandinn geti skipulagt og unnið að vandaðri rannsókn og skilað um hana fræðilegri skýrslu.

## KENNSLUHÆTTIR:

Verkefnavinna með smærri og stærri verkefnum undir handleiðslu kennara er mest áberandi, einnig verða fyrirlestrar og umræður.

## NÁMSMAT:

- |                            |     |
|----------------------------|-----|
| • Kynning á rannsókn       | 10% |
| • Lokapróf                 | 35% |
| • Sjálfvalið verkefni      | 5%  |
| • Stórt rannsóknarverkefni | 50% |

Í mati á rannsóknarverkefni er innifalið:

**Vinna í tímum**, spurningalisti, öflun gagna, nákvæmni í vinnubrögðum, heimildanotkun, ritsmíð, lokafrágangur, málstofa þar sem niðurstöður eru kynntar og uppgjör starfsins.

## Tímaáætlun annar

1.vika	14. - 16. sept.	Kynning á áfanga. 2. kafli. Bls. 52-77
2. - 3.vika	19. sept. – 30. sept.	2. kafli 52 - 77. 3. kafli. Bls. 81-97. Unnið að kynningu á rannsókn og spurningalista eigin könnunar.
4.- 5.vika	3. – 14. okt.	4. Kafli. Bls. 99-110.
6.vika	17. – 21. okt.	4. Kafli. Bls. 110-120. Nemendur ganga frá spurningalista og <b>skila inngangi 21. okt.</b>
7. – 8. vika	24. okt. – 4. nóv.	2. Kafli. Bls. 39-52. Könnunin lögð fyrir.
9.-13. vika	7. nóv. – 9. des.	Unnið úr gögnum rannsóknar. Lokaskýrslu skilað í fyrra skiptið <b>9. des.</b>
14.vika	12. – 16. des.	<b>Málstofur.</b> Hóparnir greina frá helstu niðurstöðum sínum.
15.vika	19. des. – 6. jan.	Nemendur endurskoða skýrslu sína og skila henni fullfrágenginni í þremur eintökum <b>6. janúar.</b>

Þorlákur Axel Jónsson

